Deiliskipulag 3.áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.



Gildandi deiliskipulag 3. áfanga Háland í landi Hlíðarenda, samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar 19.07.2018 - mkv. 1.1000 í A1



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi - mkv. 1:1000 í A1

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Í gildi er deiliskipulag fyrir 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda, samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar þann 19.07.2018.

Deiliskipulagsbreyting tekur til um 20.000 m2 óskipulags svæðis 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda, ofan Akureyrar.

Svæðið sem tillagan tekur til var í skipulagsmeðferð sem hluti 3. áfanga, skipulagt sem svæði fyrir orlofshús og hótel. Vegna breytingar sem gerð var á aðalskipulagi Akureyrar og tók til svæðisins féllu þau skipulagsáform ekki lengur að áformum aðalskipulagsins og var þessi hluti 3 áfanga því felldur út úr skipulagsmeðferð í gildandi deiliskipulagi á seinni stigum þess ferlis.

Breytingartillagan nú er í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag af svæðinu og þau deiliskipulög sem í gildi eru á svæðinu.

Breytingartillagan skilgreinir 11 nýjar lóðir fyrir frístundahús samkvæmt skilgreiningunni F3 í gildandi deiliskipulagi eða frístundahús allt að 120 m2 að grunnfleti. Nýju lóðirnar eru fjórar ofan við núverandi götu, Hrókaland, og sjö við nýja götu, merkt G6 á uppdrætti. Lengd nýrrar götu er um 180 m. Skilmálar á lóðunum, bílastæði og útfærsla götu eru samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

3 m. breiðir göngustígar eru skilgreindir til að tengja svæðið við aðliggjandi göngustíga og útivistarsvæði.

Nýtt leiksvæði er skilgreint, suð-vestast á svæðinu.

Samráð hefur verið haft við Norðurorku vegna aðveitulagnar sem liggur í gegnum svæðið, 5 m helgunarsvæðis og samsvarandi lámarksfjarlægðar lóðarmarka frá henni. Kvöð er um lagnir í götu.

Breyting þessi fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem breytingin mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Eldra skipulag er að öðru leiti enn í gildi.

Deiliskipulagstillagan var auglýst þann ________ 2020 með athugasemdafresti til ________2020.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt í skipulagsráði Akureyrarbæjar þann __________ 2020.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. laga nr. 123/2010 m.s.b. og var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar ____________ 2020.

____

Bæjarstjórinn á Akureyri

Samþykkt deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann

_ _ . _ _ _ _ _ _ _ _ _ 2020.



Gildandi Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Skýringar

- Landamörk
- Skipulagsmörk áfangi 1
- Skipulagsmörk áfangi 2
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Veghelgunarsvæði
- Lóðir
- Óbyggð/græn svæði
- Gönguleið á götu
- Götur
- Göngu- og hjólreiðastígur
- Aðveitu vatnslögn Norðurorku
- Lóð fyrir hótel og frístundabyggð - Skipulagi frestað -
- Frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði að Hlíðarenda 1. og 2 áfangi. Deiliskipulag 1. áfanga tók gildi 15. mars 2011 og 2. áfanga 14. júlí 2014.
- Bílastæði
- Vatnslagnir Norðurorku
- Rafmagnsveita
- Leiksvæði
- F3\5 8 — Tegund mannvirkis, númer götu, auðkennisnúmer lóðar í götu; G_ Númer götu
- 30 — Afmörkun 30 km svæðis
- Snið í land - sjá skýringaruppdrátt
- stærð lóðar / hámarksstærð byggingar / hámarkshæð byggingar

Grunnkort er frá Akureyrarbæ

Heildarflatarmál eignarlands - 278.000 m2
Heildarflatarmál deiliskipulags 3. áfanga - 108.245 m2

F3: Frístundahús allt að 120 m2
F4: Frístundahús allt að 200 m2

K: Hæðarkóti gólfplötu húss F3.
K2: Hæðarkóti kjallara og gólfplötu húss F4.

Meðfylgjandi uppdrætti þessum er greinargerð dags. 30.04.2018 mbr. 04. og 19.05.2018, 06.07.2018 og 04.09.2018 og skýringaruppdráttur - snið dags. 04.09.2018.

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAG 3.ÁFANGA HÁLANDA LANDI HLÍÐARENDA, AKUREYRI

Kvarði í A1: 1:1.000 | Hannað: HJ
Dags: 19.06.2020 | Teiknað: HJ

Tillaga að deiliskipulagsuppdrætti

Teikn nr. 1 af 1

ARCDATA